



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

## **Fundargerð. Skipulags- og umhverfisnefnd.**

### **1. fundur.**

Haldinn á skrifstofu Skútustaðahrepps 9. nóvember 2010.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Eyrún Björnsdóttir, Kristján Stefánsson, Pétur Snæbjörnsson, Birgir Steingrímsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

#### **1. Fundarsetning.**

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkoma til fyrsta fundar.

#### **2. Úttekt og endurbætur á hitaveitunni.**

Undir þessum lið fundarins mætti Jón Óskar Ferdinandsson. Rædd voru fyrirbyggjandi drög að áfangaskýrslu 2, um úttekt og endurbætur á hita og vatnsveitunni. Fram kom að eftir er að ljúka við endurnýjun á lögninni frá skóla að T-brunni við Reykjahlíð 4. Ástæðan er m.a. sú að ekki er búið að ákveða hvaða leið verði farin til að ná niður hitanum á vatninu. Rætt hvort leggja eigi tvær lagnir frá skóla þar sem önnur yrði fyrir þorpið og niður í Reynihlíð, þar sem hitinn yrði tekinn niður en hin yrði stofnlögn. Nefndin leggur til að lögnin verði ein og að húseigendur kaupi hitastýribúnað í hvert hús. Skipulagsnefnd hvetur sveitarstjórn að ljúka þessum hluta endurnýjunarinnar. Rætt um endurnýjun á lögninni frá Garði að Grænalæk, búið er að kaupa efni en eftir er að ná samkomulagi við Vegagerðina um lagnaleið. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að ná sameiginlegum fundi með Vegagerðinni, Rarik og Mílu um að menn sammælist um eitt lagnastæði. Byggingu vatnstanks er að ljúka en svera þarf lögn frá tanknum að T-brunni. Skv. skýrslunni eru ekki forsendur til að útvíkka dreifikerfi veitunnar miðað við núverandi aðstæður. Fullvinna þarf skýrsluna og gera skýra framkvæmda- og kostnaðaráætlun um endurnýjun stofnlagna.

#### **3. Drög að erindisbréfi.**

Fyrir fundinum liggja drög að erindisbréfi fyrir nefndina. Farið yfir drögin og sveitarstjóra falið að gera breytingar á þeim í anda þess sem um var rætt.

**4. Skipulagsmál.**

Samþykkt að boða arkitektinn á fund og fara yfir stöðu mála.

**5. Óleyfisbyggingar.**

Ræddar óleyfisbyggingar í sveitarfélaginu. Enn og aftur gerist það að gámaeiningar eru fluttar á athafnasvæði fyrirtækja án þess að sótt hafi verið um leyfi til þess. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að senda eftirfarandi aðilum bréf, Þórhalli Kristjánssyni f.h. Voga ferðaþjónustu, Ólöfu Hallgrímsdóttur f.h. Ferðaþjónustunnar í Vogum, Gísla Sverrissyni f.h. Hlíðar ferðaþjónustu og Héðni Sverrissyni f.h. Geiteyjar, þar sem gefin er hálfur mánuður frá dagsetningu bréfs til að bregðast við að örðum kosti verði dagsektum beitt.

**6. Erindi frá Halldóri Árnasyni.**

Með bréfi óskar Halldór eftir að fá að taka lög्न frá inntaki íbúðarhúss og leggja í geymslu við hlið íbúðarhúss, frekar en að leggja nýja heimtaug í geymsluna. Skipulags- og umhverfisnefnd óskar eftir nánari útskýringu á erindinu þ.e. stærð þeirra húsa sem um ræðir og framtíðarnotkun.

**7. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert, fundi slitið.